

Nd.

236. Frumvarp til laga

[119. mál]

um breyting á lögum nr. 6. 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Magnús Jónsson.

1. gr.

Á eftir 1. másl. c-liðar 7. gr. laganna bætist nýr málsliður, svo hljóðandi:
Undanskilið skal þó áætlað afgjald fyrir húsnæði, sem eigandi býr í.

2. gr.

Á eftir c-lið 10. gr. laganna bætist nýr stafliður, svo hljóðandi:
Frá tekjum einstaklings skal draga leigu eftir húsnæði, sem hann býr í, og kostnað við að hita það upp. Sama gildir um hitakostnað vegna húsnæðis, sem eigandi býr sjáfur í.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt nógildandi skattalögum er við skattlagningu ekki tekið neitt tillit til sannanlegra útgjalda vegna húsaleigu eða hitakostnaðar, og húseigendum eru áætlaðar tekjur vegna afnota eigin íbúðar.

Þessi skattlagningarregla leiðir til mjög ósamngjarnar niðurstöðu hjá fjölda skattgreiðenda. Húsaleiga er mjög mismunandi á hinum ýmsu stöðum á landinu, og sama er að segja um hitunarkostnað. Þá er einnig vitanlegt, að mikils ósamræni gætir í mati skattanefnda á eigin húsaleigu. Þegar alls þessa er gætt, verður ljóst, að hækkun persónufrádráttar getur ekki leyst þennan vanda, heldur er eina leiðin til jafnréttis sú, að heimila frádrátt frá skattskyldum tekjum sem svarar greiddri húsaleigu og hitakostnaði og hætta að reikna mönnum tekjur vegna afnota af eigin húsnæði, enda ekki um neinar beinar tekjur að ræða. Hefur þessi áætlaði tekjuauki vegna eigin húsnæðis torveldað mjög efnalitlu fólki að geta ráðizt í húshyggingar, því að tekjurnar hafa verið áætlaðar því hærrí sem byggingarkostnaður hefur hækkað.